

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, mánudaginn 16. nóvember kl. 15:30, var haldinn 134. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Diljá Ámundadóttir, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Laugardals, Sigtryggur Jónsson og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á ÞLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Þetta gerðist:

- 1) Borgarstjóri staðsettur í Laugardal þessa viku 16.-20. nóvember. Sigtryggur Jónsson segir frá viðveru borgarstjóra í hverfinu.
- 2) Tilkynning um breytingu á fulltrúum í Hverfisráði Laugardals. Elín Engilbertsdóttir tekur sæti Björns Jóns Bragasonar og Einar Sörli Einarsson tekur sæti Láru Óskarsdóttur sem varafulltrúa. Sigurður Þórðarson tekur sæti Guðfinnu J. Guðmundsdóttur og Karl Sigurðsson tekur sæti Sigurðar sem varaáheyrnafulltrúa.
- 3) Kjalarvogur 12 – Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina lögð fram. Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við tillögunu.
- 4) Aðgerðaráætlun menningarstefnu – Bréf frá Menningar – og ferðamálasviði (MOF) lagt fram sem er svar við bókun hverfisráðsins frá 27. apríl en þá óskaði Hverfisráð Laugardals eftir upplýsingum um það hvort að við endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar liggi fyrir áform um að dreifa betur verkefnum og viðburðum niður á einstaka hverfahluta borgarinnar? Hverfisráð þakkar fyrir svarið. Ráðið lýsir yfir áhuga á að auki áhersla verði lögð á menningu og listir í hverfinu með þeim hætti að nýta betur húsnæði sem er í eigu borgarinnar. Hverfisráð telur að aðstaða sé lykilatriði við að efla félagsþátttöku og áhuga á listmenningu. Ráðið óskar hér með eftir stuðningi MOF við að fundið verði húsnæði í hverfinu undir virkt og sjálfsprottið menningar- og listastarf. Í umræðu um málið kom einnig fram að autt svæði er í Sundlaugunum í Laugardal þar sem hægt væri að koma upp listsýningum barna.
- 5) Staða mála varðandi Sigtún 38 og 40 – Sigtryggur sagði frá erindum sem send hafa verið til USK þar sem óskað hefur verið eftir upplýsingum um skólamál. Ekki hafa borist svör. Hverfisráð ítrekar bókun sína frá 22. júní og felur framkvæmdastjóra að leita eftir svörum.
- 6) Að beiðni ÞLH er upplýsingabæklingur frá 2012 um þjónustu borgarinnar fyrir eldri borgara í endurskoðun.
- 7) Hverfissjóður Laugardals – umsóknir. Umsókn frá Íbúasamtökum Laugardals lögð fram með viðauka. Hverfisráð frestar afgreiðslu á styrkjum til næsta fundar.
- 8) Íbúafundur var haldinn fimmtudaginn 5. nóvember í Þróttaraheimilinu um Strætó í Laugardal (um skýrslu stýrihóps um leiðakerfisbreytingar vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit.) Sitjandi formanni Söndru Berg Cepero falið að senda athugasemdir um skýrsluna sem komu fram á fundinum og borist hafa til formanns stýrihópsins. Hverfisráð tekur undir umsagnir Íbúasamtaka Laugardals og Ungmennaráðs.

Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson og Pétur Ólafsson koma á fundinn kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:00

Sandra Berg Cepero (Sign)

Diljá Ámundadóttir (Sign)
Elín Engilbertsdóttir (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)
Bjarni Jónsson (Sign)